

Nd.

766. Breytingartillögur

við frv. til ábúðarlaga.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Jarðir má sameina, ef sveitarstjórn samþykkir. Fleytimagn þeirra jarða samtals fari þó eigi yfir 46 kúgildi í sveit eða 36 við sjó, ef einn búandi nýttjar, sbr. þó 3. gr. 3. málsg. og 11. gr. 4. málsg. Ákvæði þessi taka ekki til jarða þeirra, sem eru í ábúð sama manns er lög þessi öðlast gildi, meðan sú ábúð varir.

Landeiganda er heimilt að skipta jörð sinni í tvær eða fleiri jarðir.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Hver maður, sem á jörð og nýttjar eigi sjálfur, skal skyldur að selja hana öðrum á leigu, ef eftirgjald býðst 2% eða meira af fasteignamati lands og jarðarhúsa, enda auglýsi hann jörð til leigu fyrir marzlok.

Nú byggist jörð ekki fyrir sumarmál, og getur landeigandi þá boðið sveitarstjórn jörðina til ráðstöfunar gegn eigi lægra gjaldi en segir í 1.

málsgr. Sinni sveitarstjórn eigi þeirri málaleitan áður 3 vikur liða, ráðstafar landeigandi jörðinni sem hentast þykir um allt að 3 árum, en bjóði þá aftur sveitarstjórn sem fyrr segir, ef ekki er ráðin föst bygging. Verði slík jörð landeiganda arðlaus 1 ár eða fleiri, þarf hann eigi að greiða af henni opinber gjöld eða halda uppi lögskilum hennar vegna.

3. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:

Hafi landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbréf, skal líta svo á, að leigumáli sé óbreyttur sá, er síðast var, nema annarhvor aðila sanni, að annan veg hafi samið verið.

4. Við 9. gr.

a) Fyrsta málsgr. orðist svo:

Jörð skal að jafnaði byggja æfilagt, nema nauðsyn beri til að ráðstafa henni um stuttan tíma, svo sem embættisjörð, skólasetri eða öðrum jörðum, er líkt hagar til um, sbr. þó 3. málsgr. Samið geta aðilar þó um ákveðinn byggingartíma, og er þá slíkur samningur jafnt bindandi fyrir báða.

b) Fyrir „trúnaðarmanns . . . úttektarmanna“ í 3. málsgr. komi: sveitarstjórnar.

c) Fyrir „vergagna“ í 4. málsgr. komi: vervistar.

5. Við 10. gr. Greinin falli niður.

6. Við 12. gr. Fyrir „hefir lagt til . . . verða nú eigi“ í 6. málsgr. komi: hefir áður lagt til nægileg peningshús, sem nú verða eigi.

7. Við 17. gr. Fyrir „hús“ í 1. málslíð komi: jarðarhús.

8. Við 18. gr. Greinin orðist þannig:

Nú treystist landsdrottinn ekki að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar með lögum þessum, og skal hann þá bjóða leiguliða jörðina til kaups fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta, ef ekki semur um verð. Hafni leiguliði kaupum, skal jörð boðin sveitarfélagi með sama hætti, en hafni sveitarfélag einnig kaupum, getur landsdrottinn selt jörð hverjum sem kaupa vill.

Kauptilboðum til leiguliða og sveitarstjórnar skal svarað á 5 vikna fresti, ella má svo álíta, að tilboði sé hafnað.

9. Við 23. gr. Fyrir „vergögn“ í 2. málsgr. komi: vervist.

10. Við 24. gr. Greinin orðist svo:

Um innstæðukúgildi á leigujörðum fer eftir samkomulagi landsdrottins og leiguliða. Innstæðukúgildi mega ekki fleiri vera en eitt fyrir hver 9 kúgildi, er jörðin telst fleyta. Leiguliði ábyrgist innstæðu og skilar henni í leigufæru ástandi við brottför.

11. Við 25. gr.

a) Fyrir „Búnaðarfélag Íslands“ í 1. málsgr. komi: sveitarstjórn.

b) Fyrir „vergagna“ í 3. málsgr. komi: vervistar.

12. Við 37. gr. Fyrir „álna“ í 1. málsgr. komi: fóta.

13. Við 38. gr. Fyrir „ $\frac{2}{3}$ og $\frac{1}{3}$ “ í 1. málslíð komi: $\frac{3}{4}$ og $\frac{1}{4}$.

14. Við 40. gr.
 - a) Fyrir „trúnaðarmanns Íslands“ komi: sveitarstjórn.
 - b) Fyrir „eftir því sem úttektarmenn landskuld á jörðinni“ komi: eftir því sem landskuld hefir þá hækkað á jörðinni.
15. Við 41. gr. Fyrir „trúnaðarmanns Búnaðarfélag Íslands“ í 2. málsg. komi: sveitarstjórnar.
16. Við 51. gr. Fyrir „að hann hafi krafizt álags“ komi: að hann hafi að lögum krafizt álags.